

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Eflingar

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Eflingar þann 23. desember 2020. Fundað var með tölvusamskiptum.

Á fundinum voru:

Fyrir hönd félagsins: Sólveig Anna Jónsdóttir og Ragnar Ólason.

Fyrir hönd sambandsins: Benedikt Þór Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Margrét Sigurðardóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Grein 8.2.4 um borgaralegan fatnað

Samstarfsnefndin er sammála um að grein 8.2.4 um borgaralegan fatnað breytist. Fjárhæð skal breytast 1. janúar ár hvert en miðaðist áður við mánaðarmótin nóvember/desember.

Niðurstaða:

Grein 8.2.4 hljóði svo:

8.2.4 Borgaralegur fatnaður:

Þar sem sérstaklega er krafist borgaralegs fatnaðar í stað hefðbundins vinnufatnaðar við vinnu, t.d. á öldrunarheimilum, sambýlum og í dagþjónustu, skal hann látinn í té eða greiddir fatapeningar kr. 20 á unna klst. Á hjúkrunardeildum öldrunarstofnana, sem starfa samkvæmt Edenstefnunni eða þeim stofnunum sem taka mið af Edenstefnunni, bætist 20,02% álag á greidda fatapeninga.

Framangreind fjárhæð greiðist mánaðarlega. Fjárhæðin skal breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu fatnaðarliðar (031) í vísitölu neysluverðs með vísitölu októbermánaðar 2019 sem grunnvísitölu 131,8 stig.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.